



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Yfirlit yfir fornleifarannsóknir 2019

Agnes Stefánsdóttir
Ásta Hermannsdóttir

2020

Ritstjórn

Agnes Stefánsdóttir
Ásta Hermannsdóttir

Ljósmyndir

Sjá myndaskrá aftast

Ljósmynd á forsíðu

Kjaranstaðakot. Húsin tvö. Fjós til hægri samtengt annarri byggingu.
Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir.

© 2020

Minjastofnun Íslands
Agnes Stefánsdóttir
Ásta Hermannsdóttir

Öll réttindi áskilin
ISBN 978-9935-9403-5-3

Minjastofnun Ísland

Suðurgata 39
101 Reykjavík
Ísland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Reykjavík og nágrenni.....	5
2.1	Móakot, Nesi við Seltjörn.....	5
2.2	Stjórnarráðsreitur.....	7
2.3	Óðinsgata, Reykjavík.....	9
2.4	Fráveitubrunnar í miðbæ Reykjavíkur, Frakkastígur og Lindargata	11
2.5	Hverfisgata/Traðarkot, Reykjavík.....	12
2.6	Bríetartún 3-5, Reykjavík.....	14
2.7	Holdsvæikraspítalinn, Laugarnes, Reykjavík	16
2.8	Fornar rætur Árbæjar í Reykjavík	17
2.9	Viðhald á fjárhúsi á Árbæjarsafni, Reykjavík.....	19
2.10	Hellir við Lækjarbotna. Dysjar hinna dæmdu	21
3.	Vesturland	22
3.1	Ólafsdalur við Gilsfjörð	22
3.2	Framkvæmdaefirlit við fjósið í Ólafsdal.....	24
4.	Vestfirðir.....	26
4.1	Breiðavík í Vesturbyggð. Cod story	26
4.2	Mýrar og Urðir í Patreksfirði, ofanflóðavarnir	28
4.3	Patreksfjörður, ofanflóðavarnir	29
4.4	Gileyri í Tálknafirði	30
4.5	Hrafseyri og Tjaldanes í Arnarfirði, borkjarnarannsókn.....	31
4.6	Auðkúla – Arnarfjörður á miðöldum	33
4.7	Kjaranstaðakot í Dýrafirði	34
4.8	Landnám og þróun byggðar í Kaldrananeshreppi.....	36
5.	Norðurland vestra.....	38
5.1	Stekkjarkví í landi Sölvabakka í Blönduósbæ	38
5.2	Eyðibýli og afdalir Skagafjarðar – Byggðasögurannsókn XII.....	39
6.	Norðurland eystra.....	41
6.1	Miðbakki í Hörgársveit	41
6.2	Forrannsókn á meintri rúst norðan Kjarnaskógar á Akureyri	43
6.3	Uppgröftur kolagrafar í landi Ytra-Hóls í Fnjóskadal.....	44
6.4	Sörlastaðir í Fnjóskadal	46
6.5	Flatey á Skjálfanda	47
6.6	Í Brekkum (áður Hofstaðagarðshorn).....	49
7.	Austurland	50
7.1	Skálanes í Seyðisfirði.....	50
7.2	Fjórir túngarðar í sunnanverðum Seyðisfirði	52

7.3	Urðarbotnar í Norðfirði	53
7.4	Stöð í Stöðvarfirði.....	55
7.5	Miðsker í Hornafirði.....	57
8.	Suðurland	59
8.1	Arfabót á Mýrdalssandi.....	59
8.2	Skálholt. Nemendauppgröftur.....	60
8.3	Borkjarnarannsókn á Þingvöllum	62
8.4	Gjábakki , rannsókn vegna breikkunar Þingvallavegar	64
8.5	Vesturbúðarhóll á Eyrarbakka	66
9.	Reykjanes.....	68
9.1	Krísuvíkirkirkja	68
9.2	Kulesdys í Garðabæ. Dysjar hinna dæmdu	70
10.	Rannsóknir Minjastofnunar Íslands	71
10.1	Stöng í Þjórsárdal	71
10.2	Hofteigskirkja	72
11.	Aðrar rannsóknir	74
12.	Myndaskrá	75


1. Inngangur

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 veitir Minjastofnun Íslands leyfi til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér, setur reglur um veitingu leyfa og hefur eftirlit með þeim. Í 11. lið 4. gr. Reglna nr. 621/2019 um veitingu leyfa til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér segir:

Að lokinni vettvangsrannsókn hvers árs skal skila inn til Minjastofnunar Íslands eyðublaði þar sem fram koma grunnupplýsingar um gang rannsóknarinnar það árið. Minjastofnun Íslands mun gefa út yfirlit yfir fornleifarannsóknir hvers árs sem byggir á þessum upplýsingum.

Nú hefur verið unnið úr þeim eyðublöðum sem bárust fyrir árið 2019 og má sjá fyrstu niðurstöður þeirra rannsókna sem veitt var leyfi til það ár hér á eftir. Eru upplýsingar eyðublaðanna byggðar á vettvangsskrám en sérfræðigreiningum og úrvinnslu var ekki lokið. Þetta kemur að sjálfsgöðu ekki í stað áfanga- eða lokaskýrslu hvernar rannsóknar fyrir sig.

Rannsóknirnar eru settar upp í kafla eftir minjasvæðum þannig að byrjað er á höfuðborgarsvæðinu og farið réttisælis kringum landið og endað á Reykjanesi. Í kaflanum „Aðrar rannsóknir“ eru taldar upp þær rannsóknir sem ekki fóru fram á árinu, ekki fékkst leyfi til að framkvæma eða þar sem engar mannvistarleifar fundust. Þessar rannsóknir fá ekki sérstaka umfjöllun í yfirlitinu og birtast ekki á kortinu hér að neðan. Í kaflanum „Rannsóknir Minjastofnunar Íslands“ er gerð grein fyrir könnunarrannsóknum Minjastofnunar á árinu.



Mynd 1. Rannsóknir á Íslandi árið 2019. Númerin vísa til kafla í skýrslunni. Rannsóknir sem ekki fá sérstaka umfjöllun í skýrslunni (t.d. þar sem engin mannvist fannst) eru ekki sýndar á kortinu.


2. Reykjavík og nágrenni



Mynd 2. Móakot. Loftmynd tekin með flygildi á síðasta degi uppgrافتar af mannvirkjunum fimm: D, E, F, G og H. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

2.1 Móakot, Nesi við Seltjörn

Leyfishafi: Gavin Murray Lucas	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2015040125	Númer ÞJMS: 2019-84
Staðsetning: A 353755 N 409714	Póstnúmer: 170 Seltjarnarnes
Vettvangsrannsókn hófst: 19.8.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 30.8.2019
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Helsta markmið ársins 2019 var að halda áfram að afhjúpa mannvirki sem teljast til eldri byggingafasa á staðnum. Skráning og uppgröftur á mannvirki F er lokið en eftir nánari rannsókn kom í ljós að kolaríkt ruslslag liggur undir mannvirkið og virðist halda áfram undir vestur- og norðurveggi þess (ruslalagið sést einnig undir mannvirki D, sem var fullgrafið árið 2018) og heldur líklega áfram inn í svæðið sem er skráð sem mannvirki E. Veggir mannvirkja D, E og F eru því yngri og farnir að „fljóta“.

Efsti hluti torfveggjar sem sést innan byggingar D er sennilega eldri en öskuhaugurinn sem kolalagið tilheyrir og er þetta merki um enn eldra byggingarstig á bæjarstaðinu. Torfveggur sem skilur rýmið milli mannvirkja E og G var fjarlægður í þessum áfanga og virðist vera seinni tíma skilrúm eða veggur. Gólfög í ganginum á milli F og G og innan G voru skráð og fjarlægð. Þessi gólfög voru samtíða.

Austurveggur mannvirkis E var fjarlægður þar sem leifar af eldri vegg virtust liggja undir honum.

Lögð var áhersla á áður frekar órannsakað svæði, en það er staðsett austur af mannvirki E og hefur lengi verið talið að þar leynist annað mannvirki. Röskuð lög voru fjarlægð á þessu svæði og komu þá í ljós mjög brotackenndar leifar af byggingu. Þessa byggingu og svæðið í kring þarf að rannsaka frekar til að finna tengsl byggingarinnar við önnur mannvirki á svæðinu austan megin; D-G. Þetta nýja mannvirki (H) heldur áfram til suðurs og gengur undir byggingu A sem tilheyrir yngsta byggingafasanum á staðnum.

Helstu gripir sem fundust eru járnnaclar af ýmsum gerðum, koparprjónn, leirkersbrot, fiskisleggjur, sakka, dýrabein, brýni, viður og gjall.

Ætlunin er að ljúka uppgrefti á svæðinu árið 2020 og klára að rannsaka mannvirki H sem staðsett er norður af mannvirki A. Það er ljóst að mannvist á staðnum er mun eldri en áður var talið og líklega leynast enn eldri minjar þar sem þó verða líklega ekki rannsakaðar frekar á þessum tímamarki.

English Summary


The aims of the 2019 season were to continue uncovering earlier structures on the site. The recording of structure F was completed and after further investigation, it became clear that a charcoal-rich midden lay beneath the structure and appeared to continue beneath its western and northern walls (visible in structure D, completed in 2018) and probably continues into the area labelled as 'structure E'. The walls of structures D, E and F are thus now 'floating'.

The top of a turf wall within the space of structure D probably pre-dates this midden and belongs to an even earlier phase of building on the site. A turf wall dividing the space between structures E and G was removed this season and seems to be a late blocking. Floor surfaces contemporary with the passage coming out of Structure F were recorded and excavated in Structure G. The eastern wall of Structure E was also excavated as remains of an earlier wall seemed to lie behind it.

The area to the east of structure E was also investigated in 2019, where traces of wall on the surface suggested a buried structure. Disturbed layers were removed, and a very damaged part of a structure was revealed. This area remains to be completed so it is not completely clear how it relates to structures D-G to the east, but the new structure H does appear to continue south, beneath structure A, which belongs to the latest building phase of the site.

The main artifacts discovered were various kinds of iron nails, a copper pin, pottery, fish hammers, net sinker, animal bones, whetstones, wood and slag.


The plan is to return to the site for a final season in 2020 to complete excavations of structure H in the newly researched area, north of structure A. It seems clear that activity on the site is much older than anticipated and even earlier remains exist; however, these will probably not be further investigated at this point.



Mynd 3. Stjórnarráðsreitur. Yfirlitsmynd af áfanga 1. Ljósmynd: Hermann Jakob Hjartarson.

2.2 Stjórnarráðsreitur

Leyfishafi: Vala B. Garðarsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: VG-Fornleifarannsóknir
Rannsóknarnúmer: 2019070096	Númer ÞJMS: 2019-86
Staðsetning: A 357181 N 408240	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 1.9.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 31.12.2019 [fram haldið 2020]
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Þar sem um framkvæmdauppröft er að ræða var markmið rannsóknarinnar strax í upphafi að kanna til hlítar þær mögulegu minjar sem á svæðinu voru og skrá þær samkvæmt hefðbundnum aðferðum fornleifafræðinnar.

Uppgröfturinn hófst 1. september 2019 og er nú hálfnaður, áætluð verklok eru lok sumars 2020.


Nú þegar hafa fjöldi mannvistarlaga og mannvirkja komið í ljós en óhætt er að segja að verulegt rask hefur átt sér stað á undanförunum áratugum á þessu svæði. Þau mannvirki sem þarna hafa staðið og þekkt eru út frá heimildum hafa ýmist verið fjarlægð eða þeim rutt til og það oftast en einu sinni. Er því erfitt að segja út frá þeim brotakenndu mannvistarlögum sem þarna eru, án undantekninga hreyfð, hvaða mannvirkjum þau tilheyrðu er uppi stóðu og voru tekin út í brunavirðingum á 19. öldinni. Bundnar eru vonir við að úrvinnslan muni varpa

skýrara ljósi á þau mannvirki sem þarna voru. Ekki er hægt að koma með vangaveltur um niðurstöðu rannsóknarinnar sem stendur.

English Summary

The excavation at Stjórnarráðsreitur in Reykjavík started the 1st of September 2019 and is planned to finish in the end of the summer 2020.


So far, the archaeological remains researched are quite badly disturbed due to repeated constructions during the 20th century. The cultural layers, as well as foundations from older buildings, fences, enclosures, and other kinds of stonewalls and buildings are mostly out of context. Because of this it is difficult to say anything about the individual structures or houses that we already know from the written data. Before the excavation started it was known that at least 23 buildings had stood there since 1765. It is difficult to state at this point the nature of the already researched structures however we are optimistic to shed some light on the development after the post-ex process has started.



Mynd 4. Óðinsgata og nágrenni. Loftmyndin sýnir afstöðu milli þeirra svæða þar sem fornleifar komu í ljós. Ljósmynd: Loftmyndir ehf.

2.3 Óðinsgata, Reykjavík

Leyfishafi: Stefán Ólafsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2019050119	Númer ÞJMS: 2019-50
Staðsetning: A 357322 N 407927	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 25.5.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 19.11.2019
Tegund rannsóknar: framkvæmdaefirlit	Aðferð: uppgröftur



Í maí 2019 óskaði Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar eftir því að Fornleifastofnun Íslands ses. tæki að sér framkvæmdaefirlit við Óðinsgötu í Reykjavík. Á framkvæmdasvæðinu komu í ljós hleðslur af áður óþekktum mannvirkjum sem tengjast að stærstum hluta samgöngubótum í Reykjavík snemma á 20. öld. Bæði í Týsgötu og Óðinsgötu komu í ljós hlutar af upphlöðnum vegi. Veghleðslan í Óðinsgötu sem var um 9 m löng var að öllum líkindum frá 1907, en hleðslan í Týsgötu sem var um 22 m að lengd var sennilega frá því um 1920. Á Óðinstorgi, á milli Óðinsgötu og Týsgötu, kom í ljós grjóthleðsla sem helst má ætla að hafi verið upphlaðin gangstétt. Vestan við meinta gangstétt kom í ljós önnur grjóthleðsla. Hún var mjög einföld að gerð og bar þess merki að hafa verið hrúgað upp. Helst má ætla að þar sé um einhvers konar girðingu að ræða sem hefur þá afmarkað lóð eða kartöflugarð.

English Summary

On May 23, 2019, the Office of Property Management and Economic Development of the City of Reykjavík requested that the Archaeological Institute of Iceland carried out an archaeological watching brief in Óðinsgata and Týsgata in Reykjavík. Unknown structures were discovered in the development area, mostly related to road building and at the turn of the 20th century Reykjavík. Both in Týsgata and Óðinsgata built up road sections were exposed. The road section in Óðinsgata, which was about 9 m long, probably dates to 1907,


but the road section in Týsgata, which was about 22 m in length, is probably dated to around 1920. In Óðinstorg, the square located between Óðinsgata and Týsgata, a section of old pavement was exposed. To the west of the alleged pavement, a stone build boundary was found. It was thought to be some kind of a fence.



Mynd 5. Eystri hlið fráveitubrunnsins ásamt Lindargötu, Reykjavík. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.

2.4 Fráveitubrunnar í miðbæ Reykjavíkur, Frakkastígur og Lindargata

Leyfishafi: Lísabet Guðmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2019070049	Númer ÞJMS: 2019-70
Staðsetning: A 357692 N 408029	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 12.7.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 15.07.2019
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Reykjavíkurborg og Veitur hófu framkvæmd á gatnamótum Lindargötu og Frakkastígs þar sem þar þurfti að endurnýja regnvatnslögn. Í ljós kom hlaðinn brunnur sem samkvæmt upplýsingum úr LUKOR er frá 1915 og þar af leiðandi fornminjar. Minjastofnun fór fram á frekari rannsókn á brunninum. Brunnurinn var mældur inn í ISNET93 hnitakerfið, uppdráttur gerður og hann ljósmyndaður. Brunnurinn var hlaðinn úr steiptum hellum, auk þess voru lagnir að hluta til steiptar en sú sem lá upp Frakkastíginn var úr leir.

English Summary


The city of Reykjavík and Veitur are renovating sewage pipes and wells in Frakkastígur and Lindargata. The contractor found a sewage well which looked quite old and according to LUKOR it is from 1915 and therefore archaeological remains. The Cultural Heritage Agency requested further research on the well. Therefore it was surveyed, measured and photographed. The well was made from concrete slabs, the pipes were made from concrete and clay.



Mynd 6. Suðurhluti/ræsi gamla vegarins í Hverfisgötu, Reykjavík. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.

2.5 Hverfisgata/Traðarkot, Reykjavík

Leyfishafi: Hildur Gestsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2019090079	Númer ÞJMS: 2019-92
Staðsetning: A 357369 N 408198	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 25.9.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 25.9.2019
Tegund rannsókna: framkvæmdarannsókn	Aðferð: hreinsun sniðs



Við framkvæmdir Reykjavíkurborgar í Hverfisgötu komu í ljós hleðslusteinarnir undir yfirborði götunnar framan við bílastæðahúsið Traðarkot (Hverfisgata 20). Voru starfsmenn Minjastofnunar Íslands kallaðir á vettvang og úrskurðuðu þeir að þörf væri á að grafa fram og skrá þessar minjar. Í ljós kom að hleðslan var syðri kantur/ræsi gömlu Hverfisgötu og um meters-breiður hluti af veginum sjálfum. Höfðu þessar minjar varðveist á um 17 m kafla.

Ekki er stefnt að því að þessar minjar verði fjarlægðar, og því voru þær einungis skráðar með uppmælingu og ljósmyndum.


Einnig var hreinsað snið við gatnamót Hverfisgötu og Ingólfsstrætis, suðausturhorn Arnarhóls. Þar voru engar mannvistarleifar, og sniðið því einungis ljósmyndað.

English Summary

A stone construction was uncovered by development work being carried out in Hverfisgata, in front of the multilevel car park Traðarkot (Hverfisgata 20). After an inspection of the site by The Cultural Heritage Agency it was concluded that these remains needed to be investigated. The result of this investigation was that the stone structure was

the southern edge/gutter of old Hverfisgata, as well as an approximately 1 m wide section of the road itself. A 17 m long stretch of the road was preserved. As these structures are not scheduled to be removed they were recorded with photographs and measured in.


A small section on the corner of Hverfisgata and Ingólfsstræti (southeastern corner of Arnarhóll) was also cleaned. No archaeology was observed in the section, which was recorded with photographs.



Mynd 7. Bríetartún. Myndin sýnir staðsetningu rannsóknarsvæðis með rauðum punkti og afstöðu skurða innan framkvæmdareits ásamt númerum þeirra. Mynd: FSÍ, Lísabet Guðmundsdóttir og Stefán Ólafsson.

2.6 Bríetartún 3-5, Reykjavík

Leyfishafi: Stefán Ólafsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2019060050	Númer ÞJMS: 2019-57
Staðsetning: A 358306 N 407891	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 3.7.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 19.7.2019
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Um miðjan maí 2019 óskaði verktakafyrirtækið Skjanni eftir því að Fornleifastofnun Íslands ses. tæki að sér að forkönnun á fornleifum á lóð 3-5 við Bríetartún, en þar stóð áður býlið Rauðará. Rannsóknarsvæðið er nánar tiltekið lóð sem hefur verið nýtt undir bílastæði og er nr. 5 við Bríetartún (áður Skúlagata). Svæðið er fast austan við hús frímúrara í Reykjavík að Bríetartúni 3. Á þessari lóð er fyrirhugað að reisa hótélbyggingu með bílastæðakjallara og er framkvæmdasvæðið um 1970 m² að stærð og afmarkast það af húsi frímúrara til vesturs, Rúgbrauðsgerðinni (sem er Borgartún 6) til norðurs og húsum sem tilheyra Þórunnartúni, sem áður hét Skúlatún, til austurs. Vegna þessara fyrirhuguðu framkvæmda fór Minjastofnun Íslands fram á að 10% af umræddu byggingasvæði yrði rannsakað með könnunarskurðum og að dreifing þeirra innan lóðarinnar yrði sem jöfnust. Með þessum könnunarskurðum átti að athuga hvort mannvistarleifar leyndust undir yfirborði og ef svo væri að áætla umfang þeirra

og aldur. Á lóðinni stóðu áður hús sem tilheyrðu jörðinni Rauðará og mátti gera ráð fyrir að finna minjar tengdar búskap á jörðinni.

Grafnir voru fjórir skurðir sem bera allir þess merki að á svæðinu hafa farið fram umfangsmikil jarðvegsskipti. Hefur upphaflegum jarðvegi verið skipt út fyrir aðflutt hraungjall sem mjög erfitt reyndist að handgrafa. Þessi jarðvegsskipti hafa að öllum líkindum verið gerð í kjölfar byggingar húss Frímúrarareglunnar árið 1971 en bílastæðið mun hafa verið gert á sama tíma. Sú takmarkaða rannsókn sem gerð var á svæðinu leiddi í ljós að þrátt fyrir þessi ítarlegu jarðvegsskipti mátti finna óljós ummerki tveggja vegggleðsla og skurð sem mögulega er gamalt ræsi. Enn fremur var ekki hægt að útiloka óljós ummerki eftir túngarð. Umræddar minjar munu hafa tilheyrt yngsta skeiði búsetu á Rauðará.

English Summary


In May 2019, the construction company Skjanni requested that the Archaeological Institute of Iceland ses. did an archaeological evaluation at the site Bríetartún 3-5, where there once stood the farm Rauðará. The archaeological field work began on July 3rd and was completed on July 19th. Four trial trenches were excavated across the entire construction field, and a study of them revealed that an extensive soil transshipment had taken place in the area. The original soil had been replaced by imported lava material. Despite this thorough land conversion, there are vague and modest traces of archaeological remains from the youngest habitation period of the farm Rauðará.



Mynd 8. Laugarnes, Reykjavík. Loftmynd af húsgrunni holdsveikraspítalans. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.

2.7 Holdsveikraspítalinn, Laugarnes, Reykjavík

Leyfishafi: Lísabet Guðmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2019050066	Númer ÞJMS: 2019-46
Staðsetning: A 349668 N 408799	Póstnúmer: 105 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 4.6.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 7.6.2019
Tegund rannsóknar: framkvæmdaefirlit	Aðferð: blönduð tækni



Markmið rannsóknarinnar var að afhjúpa húsgrunn holdsveikraspítalans í Laugarnesi þar sem til stendur að reisa minnismarki um spítalann. Húsgrunnur spítalans verður sýnilegur almenningi og svæðið í grunninum og umhverfis hann gerður að litlum minjagarði. Þar af leiðandi var grafið frá hleðslunum og innan úr byggingunni.

English Summary


The aim of this research was to expose the wall foundation of the leprosy hospital which was built in 1898. The Oddfellows in Iceland are making a monument and a little monument garden where the foundation will be on show. Therefore, it was necessary to excavate from the foundation and within it.



Mynd 9. Uppgrافتarsvæði A í Árbæ á Árbæjarsafni, Reykjavík. Horft í vesturátt. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

2.8 Fornar rætur Árbæjar í Reykjavík

Leyfishafi: Sólrún Inga Traustadóttir	Fyrirtæki/stofnun: Borgarsögusafn Reykjavíkur og Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2016060078	Númer ÞJMS: 2019-36
Staðsetning: A 362653 N 404777	Póstnúmer: 110 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 6.5.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 31.5.2019
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið rannsókna í Árbæ er tvíþætt. Annars vegar að rannsaka upphaf búsetusögu býlisins og þróun og hins vegar að miðla fornleifarannsókn inn á safni til safngesta með fjölbreyttum miðlunarleiðum. Einnig fá nemendur í fornleifafræði við Háskóla Íslands kennslu í uppgrافتaraðferðum, fornleifaskráningu og frágangi og skráningu gripa í Sarp.

Markmið rannsókna fyrir árið 2019 var að halda áfram uppgrefti á sömu svæðum og árið 2018; svæði A (austan við uppistandandi bæjarhús Árbæjar), þar sem komið hafa í ljós nokkur mannvirki frá mismunandi tíð og svæði B (við smiðjuna á safnasvæðinu) þar sem öskuhaugur bæjarins liggur og var í notkun frá því eftir árið 1500 þangað til bærinn fór í eyði um miðja 20. öld. Einnig var haldið áfram að gera jarðeðlisfræðilegar mælingar með það að markmiði að auka skilning á notkunarmöguleikum aðferðafræðinnar við rannsóknir á íslenskum jarðvegi með því að bera saman jarðsjármælinga-gögn við uppgrافتargögn. Vettvangsvinnan fór fram 6. maí - 31.maí.

Helstu niðurstöður vettvangsrannsókna eru þær að þykk og útbreidd torflög ná yfir helming svæðis A en yfir stórum hluta þeirra var K-1500 *in situ*. Nútíma lagnaskurðir einkenna svæðið í suðvesturhorni þess en í einum þeirra sem kom í ljós þetta árið mátti sjá strengjatorf í sniði sem innihélt miðaldagjóska frá árinu 1226. Slíkar hleðslur hafa ekki sést áður í sniði á bæjarhólum og er því á ferðinni nýtt mannvirki. Á svæðinu fundust einnig 12 samsíða holur sem þóttu afar spennandi við fyrstu sýn en síðar kom í ljós að um var að ræða holur eftir

timbursvið sem hafði verið sett upp í tilefni af frídegi verslunarmanna og sést vel á ljósmynd sem er tímasett á bilinu 1920-35. Holurnar voru engu að síður góð æfing fyrir nemendur til þess að læra um einingaaðferðina.

Af innihaldi öskuhaugsins að dæma má segja að Árbærinn hafi ekki verið stórbýli heldur almúgabýli en gripir frá ca. 16.-18.öld fundust í haugnum sem samanstendur að mestu leiti af móösku og ösku úr eldstæðum/hlóðum. Gripir sem fundust eru leirkersbrot af ýmsum gerðum, þó talsvert af rauðleirsbrotum úr grýtum, brýni, kítarpípur, perla úr tálgukoli, málmkreyti margskonar, hnappar, kljásteynar, eldtinnur, járngrípír ýmiskonar, s.s. naglar, krækjur, skeifa, hnífar, krókur og skæri. Dýrabein úr haugnum virðast að mestu vera úr húsdýrum, einkum hrossum, kindum og nautgripum, en hlutfall fiski- og fuglabeina í safninu er töluvert lægra.

Áætlað er að hefja sérgreiningar á efnivið öskuhaugarins, s.s. dýrabeinum og gripum síðar á árinu. Markmið með rannsókn á öskuhaugnum felur í sér að skilja efnismenningu staðarins í gegnum það tímabil sem haugurinn nær yfir, um 1500-1950.

English Summary

The focus of the research in Árbær is twofold; how and when the site was settled and developed and communicating the research and archaeology to the general public. Archaeology students from the University of Iceland also get to learn about excavation methods and field surveying along with cleaning, packing and registration of finds.

The main goal for the 2019 season was to continue excavating the two previously open excavation areas; Area A, located east of the farmhouse Árbær and area B where the midden is located. Geophysical survey was also carried out like in previous year, with the aim to improve the understanding of the methodology by comparing the geophysical data with the excavation records. The fieldwork took place during 6-31 May. Several structures have already been discovered in area A which date to various building phases. These remains are quite fragmented due to modern truncation, both during later stages of habitation & after abandonment in the 20th century when the site became a museum.

During the 2019 season several quite dense and diffuse turf deposits that cover half of site A were identified. Most are located beneath K-1500 tephra. A number of modern cuts mark the SW corner of the site. On the profile of one of these modern truncations a turf wall, that contained 1226 tephra, was identified. It was possible to recognize that the wall consisted of "strengur". Interestingly, this is the first time that a strengur turf wall containing 1226 tephra has been found in the area. Twelve stakeholes were discovered in the east part of area A. At first these appeared to have supported a building. The ethnographic record has revealed however that the features are the remains of a timber stage erected for a Labor Day festival sometime between 1920-35. The features have overall provided a very good teaching example of the single context method.


The midden in area B consists of peat ash and ash deposits from hearths & was in use from approx. 1500 & onwards until the abandonment in the 20th century. The material recovered from the midden represents a rather typical farmstead. Various pottery fragments were retrieved; redware tripots, whiteware and some porcelain, whetstones, clay pipes, a jet bead, metal decorations of various sorts, buttons, flints, loom weight, iron objects; nails, hooks, knives, horseshoe & scissors. Animal bones are mostly from domestic animals, such as sheep, horse & cattle. The ratio of fish & fowl is much lower. The assemblage will be looked at further by specialists later in the year 2019. By looking at the material from the midden the goal is to get deeper understanding of the farm's material culture during the timespan of the midden, ca. 1500-1950.



Mynd 10. Fjárhús á Árbæjarsafni sem var endurgert að hluta. Við upphaf framkvæmdar, horft í vestur.
Ljósmynd: Margrét Björk Magnúsdóttir.

2.9 Viðhald á fjárhúsi á Árbæjarsafni, Reykjavík

Leyfishafi: Margrét Björk Magnúsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Borgarsögusafn Reykjavíkur
Rannsóknarnúmer: 2019060011	Númer ÞJMS: 2019-52
Staðsetning: A 362730 N 404757	Póstnúmer: 110 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 3.6.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 5.7.2019
Tegund rannsókna: framkvæmdaefirlit	Aðferð: blönduð tækni



Markmiðið með viðhaldsframkvæmdinni var að endurgera austurhlíð og norðurgafli á fjárhúsinu ásamt austurhluta þaksins vegna þess að hleðslur höfðu sigið og gengið úr skorðum sem skapaði hættu á hruni. Ekki var gert ráð fyrir jarðraski við framkvæmdina.

Byrjað var á að taka niður austurvegg og norðurgafli sem eru grjóthlaðnir með streng. Þegar búið var að fjarlægja jarðvegsfyllingu utan við og vegghleðslur var svæðið hreinsað og jarðlög sem komu í ljós undir veggnum voru skráð, ljósmynduð og mæld með alstöð. Ekki var grafið neðar.

Helstu niðurstöður eru að greina mátti gjóskulagið K 1500 í torfi en einnig voru leifar af Miðaldalaginu 1226 og af Landnámslaginu 877±1. Það má því leiða líkum að því að hús hafi staðið á þessum stað frá upphafi byggðar á svæðinu.

Húsið hefur væntanlega tekið ýmsum breytingum við endurgerðir í gegnum tíðina. Meðal þess sem kom í ljós var gólfslag sem gengur undir norðurgaflinn og gefur vísbendingu um að gaflinn hafi á einhverjum tíma verið norðar og húsið hugsanlega verið stytt. Þá gæti austurveggnum hafa verið hnikað til að norðanverðu til vesturs en austan við hann kom í ljós steinaröð sem tilheyrir eldra byggingarstigi.

Gera má ráð fyrir eldri minjum þar sem fjárhúsið stendur og austan við það eru greinileg ummerki um minjar undir sverði.

English Summary

The aim of the project was to rebuild the eastern side and northern end of the turf-built sheep pen that belongs to the Árbær farm. It was also necessary to reconstruct the eastern part of the roof. The turf walls of the building had started to subside which could have resulted in the collapse of the structure.

Both the eastern wall and northern gable were taken down. They were made of strips of turf (strengur) with a stone foundation on one side and an additional soil support on the other. After the removal of the walls the area was cleaned, photographed, and registered with a total station. No other deposits were removed.

Beneath the walls, several turf deposits containing at least three different types of tephra dated to the 1500, 1226 and 877±1 AD, were identified. One could argue that there has always been a structure in this area, possibly from as early as the settlement of the farm.

The structure has probably gone through various changes when it was modified in later stages. A floor deposit that was discovered and runs beneath the north gable gives a strong suggestion that the gable was situated further north and that it may have been made smaller in later periods. There is also a possibility that the eastern wall has been moved slightly further to the west. On the east side of this wall, a row of stones appeared, which belongs to an earlier building phase.


The deposits located beneath the sheep pen suggest the presence of earlier remains and/or possible an older phase of the structure. There is also clear evidence of other archaeological remains on the east of the structure.



Mynd 11. Mynd úr Lækjarbotnahelli. Ljósmynd: Sigrún Hannesdóttir.

2.10 Hellir við Lækjarbotna. Dysjar hinna dæmdu

Leyfishafi: Steinunn Kristjánsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2019070045	Númer ÞJMS: 2019-67
Staðsetning: A 369851 N 399201	Póstnúmer: 203 Kópavogur
Vettvangsrannsókn hófst: 7.8.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 7.8.2019
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Markmið rannsóknarinnar var að teikna upp helli sem talið er að Eyvindur Jónsson og Margrét Símonardóttir, sem tekin voru af lífi 1678, hafi búið í um tíma. Markmiðið var einnig að leita ummerkja eftir veru þeirra þar. Hellirinn var teiknaður upp, mældur og ljósmyndaður. Niðurstaðan er að hellirinn geti vel hafa verið nýttur sem mannbústaður.

English Summary

The aim of the research was to map and photograph the cave where Eyvindur Jónsson and Margrét Símonardóttir, that were executed in 1678, are thought to have lived in for a while. The results are that the couple may very well have lived there.


3. Vesturland



Mynd 12. Ólafsdalur. Loftmynd af skálanum tekin með flygildi. Ljósmynd: Birna Lárusdóttir.

3.1 Ólafsdalur við Gilsfjörð

Leyfishafi: Howell M. Roberts	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2017090076	Númer ÞJMS: 2019-45
Staðsetning: A 372736 N 548580	Póstnúmer: 371 Búðardalur
Vettvangsrannsókn hófst: 27.5.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 21.6.2019
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Markmiðið fyrir þetta uppgraftartímabil var að varpa ljósi á útveggi byggingarinnar, sáför, stoðarholur og gólfög auk gripa sem kynnu að leynast í þeim. Einnig var áætlað að grafa í öskuhaug fyrir utan bygginguna ásamt því að grafa könnunarskurði í aðrar tóftir á svæðinu.

Í ljós kom að byggingin hefur gengið í gegnum margar breytingar þar sem veggir hafa verið færðir til, endurbyggðir og lagfærðir. Gólfög, eldstæði, stoðarholur og -steinar fundust sem eiga við þessi mismunandi byggingarstig. Undir lok notkunar á byggingunni hafa verið að minnsta kosti tveir sáir í notkun þótt sjá megi á gólfögum að þeir hafa ekki verið grafnir á sama tíma. Báðir eru sáirnir fóðraðir að innan og upp yfir brúnir með gráum leir. Í norðurenda hefur lítið horneldstæði ásamt setum meðfram veggjum verið lokað af þegar byggingin var stytt. Eftir að byggingin var að lokum yfirgefin hefur torfveggur með grjóti verið hlaðinn í henni sunnanverðri. Þessi hleðsla lá upp að og yfir veggjahrenni.

Í þeim gólfum sem grafin voru að þessu sinni komu í ljós ýmsir gripir; tvær tvöfaldar glerperlur, snældusnúður úr klébergi, unnir gripir úr grjóti auk ýmissa járngripa eins og hnífar, sylgja og naglar svo eitthvað sé nefnt.

Mikil og þétt gólf bíða rannsóknar næsta árs.

Öskuhaugur utan við inngang byggingarinnar var rannsakaður að hluta. Þau ruslalög sem grafin voru í ár voru afar kolarík og var einkennandi hversu mikið af hitasprungnu grjóti var að finna í þeim.

Könnunarskurðir 1x2 m að stærð voru gerðir í tvær tóftir norðan við skálann, tóftir D og C. Í skurði sem gerður var í tóft D var afar lítið að sjá sem gæti gefið vísbendingu um notkun eða hlutverk, þó er víst að ekki hefur verið um mannabústað að ræða. Tóftin er niðurgrafin að innanverðu, veggir hlaðnir óskýru torfi og grjóti. Engin góflög, fitu- eða kolaborin jarðlög fundust og er því líklega um geymsluhús að ræða. Meira var að finna í skurði sem grafinn var í tvískipta tóft C. Þar var kolarík mannvistarlög að sjá og hefur húsið verið einhvers konar íverustaður.

English Summary

This year's plan was to further examine the walls of the building with associating floors and features. Midden deposits outside of the building were also to be examined this season along with test trenches in some of the other structures around the building.

The building has undergone severe changes with walls being moved, rebuilt, and repaired. Associated fireplaces, post holes and floor deposits to these different phases became visible. Towards the end of usage of the building, two barrel pits were in use, although floor evidence indicates that they were not dug out at the same time. Both pits were lined with grey clay.

A room at the northern end of building had been sealed off at some point, but this room had a small corner fireplace and turf benches alongside walls. On the southern end of the building a small wall had been built on top of wall collapse, meaning the building had been abandoned by the time this wall was made.

Many finds were retrieved from the floors, two double glass beads, a spindle whorl, several worked stone artifacts, and various metal objects. These included nails, a buckle, and knives.


Two test trenches were made into two structures north of the building, structures C and D. Structure D did not show any evidence of what purpose it may have served, although it most likely is some sort of a storing facility. The other, structure C, had charcoal rich floor deposits, suggesting some kind of dwelling.



Mynd 13. Fjósíð í Ólafsdal, yfirlitsmynd. Ljósmynd: Birna Lárusdóttir.

3.2 Framkvæmdaefirlit við fjósíð í Ólafsdal

Leyfishafi: Jakob Orri Jónsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2019060052	Númer ÞJMS: 2019-58
Staðsetning: A 372544 N 549479	Póstnúmer: 371 Búðardalur
Vettvangsrannsókn hófst: 18.6.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 25.7.2019
Tegund rannsóknar: framkvæmdaefirlit	Aðferð: könnunarskurðir



Til stendur að endurgera fjós bændaskólans í Ólafsdal sem reist var stuttu fyrir aldamótin 1900 og útbúa þar íbúðir. Minjastofnun Íslands gerði kröfu um að fram færi eftirlit með framkvæmdum þegar grafið yrði niður úr steypu gólfi fjóssins. Framkvæmdaraðili, Minjavernd, fór þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að áður en framkvæmdir hæfust yrði gerð forkönnun með skurðum og að allt fjósíð, veggir þess og för í steypu gólfi, yrði skráð.

Grafnir voru þrjár skurðir, einn í gegnum steypu gólf fjóssins og hinir tveir á fyrirhugaðri staðsetningu viðbygginga við fjósíð, annar sunnan fjóss og hinn vestan þess. Við rannsóknina komu í ljós mannvistarlög í öllum skurðum en elstu lög sem hægt er að tímasetja eru frá 19. öld.

English Summary

In the valley Ólafsdalur plans are to renovate the byre of the former agricultural school which was built shortly before the beginning of the 20th century. The Cultural Heritage Agency applied a requirement that the demolition of the byre's concrete floor be monitored, but those responsible for the renovation asked the Institute of Archaeology to record the byre's walls, floors, and features therein, along with trenches, before work began on the renovations.

The entire byre was photographed and described, and three trenches excavated, one through the byre's concrete floor and the other two at the site of each planned new attached constructions to the south and west of the byre. During investigations remains from the 19th and 20th century were uncovered.


4. Vestfirðir



Mynd 14. Jarðvegssnið í Breiðavík. Ljósmynd: Ragnar Edvardsson.

4.1 Breiðavík í Vesturbyggð. Cod story

Leyfishafi: Ragnar Edvardsson	Fyrirtæki/stofnun: Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum
Rannsóknarnúmer: 2019070047	Númer ÞJMS: 2019-69
Staðsetning: A 250082 N 571372	Póstnúmer: 451 Patreksfjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 20.07.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 24.07.2019
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Grafið var í rofabörð við verstöðina í Breiðavík og var markmið rannsóknarinnar að ná í líffræðilegan efnivið (kvarnir og fiskbein) til frekari líffræðilegra rannsókna, þ.e. erfðafræðirannsókna og kvarnagreininga. Niðurstaða vettvangsrannsókna sýndi að enn er talvert magn eftir af beinum, bæði land- og sjávardýra í Breiðavík og er varðveisla þeirra mjög góð. Góð varðveisla skýrist fyrst og fremst af samsetningu jarðvegs í Breiðavík. Ljóst er á rannsókninni 2019 að líklega verður ekki hægt að grafa frekar á uppgraftarsvæðinu 2019 þar sem frekari uppgröftur mun skapa hættu fyrir þær byggingar sem eru fyrir ofan rofabörðin. Ef frekari rannsóknir verða í Breiðavík til að ná líffræðilegum efnivið þyrfti að grafa á þeim svæðum sem eru á milli bygginganna, þ.e. verbúðanna.

English summary

The excavation at the fishing station in Breiðavík focused on the eroded area by the sea and the main aim of the excavation, as earlier excavations, was to sample biological material (otoliths/fishbones) for further analysis, i.e. DNA and otolith analysis. The conclusion of the 2019 fieldwork show that considerable amounts of bones still remain at the site, both from terrestrial- and marine animals and the preservation of these bones is excellent. The preservation is mainly due to the composition of the soil at Breiðavík. The

excavation suggests that no further excavation should be attempted at the present location, excavated in 2019, because of the danger to the buildings situated above the erosion face. In case of further excavations at Breiðavík for biological material, the focus should be in the areas between the structures, i.e. fishing booths.



Mynd 15. Patreksfjörður. Skámynd af rúst 5 fullrannsakaðri. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

4.2 Mýrar og Urðir í Patreksfirði, ofanflóðavarnir

Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 2019100058	Númer ÞJMS: 2019-95
Staðsetning: A 269725 N 575966	Póstnúmer: 450 Patreksfjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 22.10.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 31.10.2019
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Fyrirhugað er að reisa ofanflóðagarða á svæðinu og Minjastofnun Íslands fór fram á að rúst (nr. 5) og garður yrðu rannsökuð áður en að til framkvæmda kæmi. Leyfishafi valdi þann garð sem hann taldi heppilegast að rannsaka og fyrir valinu varð garður nr. 8.

Rústin var heillegri en talið var og geymdi talsvert fjölbreytta flóru af gripum sem sýna að ekki var um kartöflukofa eða hænsnakofa að ræða, heldur mun fremur vinnu- og geymsluhús. Húsið er líklega reist skömmu eftir 1900 og var uppistandandi fram yfir 1950.

Garðurinn var úr grjóti einu saman, en um aldur hans verður ekkert sagt annað en hann getur vart verið eldri en frá 19. öld.

English summary

The intension is to build an avalanche embankment above Patreksfjörður village. Therefore, the Cultural Heritage Agency decided that an excavation of a ruin and a trial trench through an embankment on the site were needed.

The ruin was in a better shape than expected and contained various finds which show that it was not a potato storage nor a chicken house. Probably it was a working place and a storage house. It is probably built shortly after 1900 and was standing shortly after 1950. The embankment was built of stones. It's date is uncertain but can hardly be older than from the 19th century.

4.3 Patreksfjörður, ofanflóðavarnir

Leyfishafi: Óskar Leifur Arnarsson	Fyrirtæki/stofnun: N/A
Rannsóknarnúmer: 2019050106	Númer ÞJMS: 2019-48
Staðsetning: A 525555 N 270443	Póstnúmer: 450 Patreksfjörður
Vettvangsrannsókn hófst:	Vettvangsrannsókn lauk:
Tegund rannsóknar:	Aðferð:



Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um skil á eyðublaði um lok vettvangsrannsóknar hafa gögn ekki borist.

English summary

Information is not available.



Mynd 16. Þversnið garðlagsins á Gileyri í Tálknafirði. Ljósmynd: Ragnar Edvardsson.

4.4 Gileyri í Tálknafirði

Leyfishafi: Ragnar Edvardsson	Fyrirtæki/stofnun: Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum
Rannsóknarnúmer: 2019050080	Númer ÞJMS: 2019-47
Staðsetning: A 278919 N 576951	Póstnúmer: 461 Tálknafjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 24.5.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 24.5.2019
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið rannsóknarinnar var að grafa könnunarskurð í garðlag við nátthaga á Gileyri í landi Eysteinseyrar í Tálknafirði vegna deiliskipulagsbreytinga á svæðinu. Verkið var unnið að fyrirmælum minjavarðar Vesturlands, sem óskaði þess að könnunarskurður yrði grafinn í garðlagið til að kanna eðli og umfang þess, áður en að deiliskipulagsbreyting yrði samþykkt. Heildarstærð garðlagsins er 50 x 40 metrar og eru grjóthleðslur alls staðar sýnilegar fyrir utan vesturhlutann sem er horfinn. Ekkert fannst við rannsóknina sem gæti gefið til kynna aldur garðlagsins, þó má gróft áætla út frá þykkt jarðlaga og fjarlægð hans frá óhreyfðum jarðvegi að hann sé gamall, allt að 200 – 300 ára.

English summary


The excavation was carried out according to the instructions from the Cultural Heritage Agency. The aim of the project was to excavate a trench into a wall of a sheep pen at Gileyri on the farm Eysteinseyri in Tálknafjörður in connection with a planning project. The size of the overall pen was 50 x 40 meters and it was constructed only with rocks. The wall was visible everywhere in the surface on the site, except for the western part where it had been destroyed. Nothing was excavated that could give an idea about the age of the wall but based on stratigraphy, soil composition and position above sterile soil, it is probably 200 - 300 years old.



Mynd 17. Myndin sýnir bæjarstaði á hinu forna Litla Tjaldanesi, Arnarfirði. Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir.

4.5 Hrafnseyri og Tjaldanes í Arnarfirði, borkjarnarannsókn

Leyfishafi: Margrét H. Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 2019070059	Númer ÞJMS: 2019-73
Staðsetning: A 296263 N 591789	Póstnúmer: 466 Bíldudalur
Vettvangsrannsókn hófst: 27.8.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 28.9.2019
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: borun



Rannsókn var tvíþætt. Annars vegar var notkun á kjarnabor í landi Hrafnseyrar og hins vegar í landi Tjaldanes.

Hrafnseyri. Tekin voru sjö kjarnasýni í túninu á Hrafnseyri og var tilgangur rannsóknarinnar að athuga hvort merki um íveruhús væri að finna í austurhluta túnsins. Þar hafði árið áður fundist öskuhaugur eftir ábendingu heimildarmanns og var staðfest í rannsókn á vegum Dr. Ragnars Edvarssonar hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Vestfjörðum. Grunur vaknaði þá að íveruhús væri ekki langt frá öskuhaugnum. Vegna mjög þurrs veðurfars sumarið 2019 var mjög erfitt að nota kjarnabor. Þó tókst að ná sjö sýnum. Þau bentu ótvírætt til þess að þarna í horni túnsins hafi staðið íveruhús. Sterkar líkur eru á að það hús geti verið fyrsta byggð á Hrafnseyri. Gólfslag með miklu magni af brenndum beinum kom í kjörnum á þessu svæði. Magn beina sem kom fram í einu sýninu bendir til þess að sýnið hafi jafnvel verið tekið í eða við eldstæði. Ljós er að einhver tegund að íveruhúsi hefur verið nærri öskuhaugnum í austurhluta túnsins.

Tjaldanes. Í landi Tjaldaness, sem fór í eyði árið 1954, er örnefnið Litla Tjaldanes og í heimildum talað um að á Tjaldanesi gæti hafa verið tvíbýli til forna eða um sé að ræða fyrstu búsetu á jörðinni. Á þessu svæði við Tjaldanesá eru rústir sem eru mjög fornlegar. Tvær yngri rústir eru líka þar og tengjast því að þar var búið í 1 ár í lok 19. aldar. Rannsóknin miðaði að því að athuga hvort hinar fornu rústir sem þar sjást séu minjar um býli. Tekin voru tvö sýni í hverja rúst en hinar fornu byggingar sem sjást eru fjórar. Tvær eru ílangar og stórar en tvær eru minni. Niðurstöður voru að annað ílanga húsið er greinilega íveruhús (skáli) með

svörtum gólfum og beinaleifum. Hitt flanga húsið var ekki með svörtum góflögum mögulega fjós. Tvö hin minni hús voru svo með mjög svörtum góflögum en ekki beinaleifum svo þau voru túlkuð sem smiðjur, annað gæti mögulega verið jarðhýsi

Ljóst er á útliti rústanna og sýnum að um er að ræða fornbyli.

English summary

The study was two-fold. On the one hand there was core sampling in the land of Hrafnseyri and on the other in the land of Tjaldanes.

Hrafnseyri. Seven core samples were taken in the field in Hrafnseyri, and the aim of the research was to see if signs of an occupation were to be found in the eastern part of the field. In the year before it was confirmed in a research conducted by Dr. Ragnar Edvardsson at the University of Iceland that the midden found there in that corner of the field was very old. Due to very dry climatic conditions in the summer of 2019, the use of the coring drill was very difficult. However, seven samples were obtained. They undoubtedly indicated that there were houses there that had been lived in. There is a strong likelihood that this house may belong to the first settlement of Hrafnseyri. Floor layers with a lot of burnt bones were found in the core. The amount of bones that appeared in one single core indicates that the core sample was even taken in, or near, a fireplace. It is clear that some type of farmhouse has been close to the midden in the eastern part of the field in Hrafnseyri.

Tjaldanes. In the land of Tjaldanes, which was deserted in 1954, in an area called Litla Tjaldanes written sources indicate that Litla Tjaldanes may have been an ancient farmstead. In this area by the Tjaldanes river there are ruins that look very old. Two younger ruins are also located there, the remains from occupation for a short time in late 19th century. The research aim was to take core samples and see if they would be able to confirm if this was an old occupation.

Two cores were taken in each of the four ruins that are visible on the surface. The result was that one of the oblong ruins is a distinctive dwelling most likely a longhouse with black floors and bone remnants. The other oblong house did not have black floor layers and might therefore be a byer. The two smaller houses on the site had very black floor layers and might be two smithies or a smithy and a pit house. It is clear that this is a farm from the middle ages.



Mynd 18. Auðkúla. Skálinn við lok rannsóknar eftir að búið var að fjarlægja gólfög. Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir.

4.6 Auðkúla – Arnarfjörður á miðöldum

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 2015060065	Númer ÞJMS: 2019-71
Staðsetning: A 294194 N 592116	Póstnúmer: 466 Bíldudalur
Vettvangsrannsókn hófst: 30.7.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 12.8.2019
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Markmiðið sumarið 2019 var að ljúka rannsókn á skálanum en styrkur fékkst ekki til rannsókna. Eftir að ljóst var að styrkur fengist ekki til rannsókna var markmiðum breytt og miðaðist ný rannsóknaráætlun aðeins við að bjarga gólfögum og þeim gripum sem þar voru enda var rannsóknin á mjög viðkvæmu stigi.

Það tókst á tveimur vikum og náðist að grafa upp öll gólfög. Stoðarholur og innri strúktúr var farin að koma í ljós en ekki tókst að ljúka rannsókninni að öðru leyti en að taka upp gólfög og grafa fram hluta af stoðarholum og sáförum. 49 gripir fundust í gólfi skálans.

English summary

The aim of the research for the summer of 2019 was to complete the excavation of the long house, but no funding was granted to the excavation by Fornminjasjóður.


Due to that, the aims for the research were charged and the aim became to save the floor layers and finds in the floor. We succeeded that in the two weeks of excavation, and we managed all the floors in that time. Internal structures were discovered, like post holes and barrel pits but we were not able to finish the internal structures this year. 49 finds were recorded from the floor layers.



Mynd 19. Kjaranstaðakot. Húsin tvö. Fjós til hægri samtengt annarri byggingu. Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir.

4.7 Kjaranstaðakot í Dýrafirði

Leyfishafi: Margrét H. Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 2019050017	Númer ÞJMS: 2019-40
Staðsetning: A 304186 N 600828	Póstnúmer: 471 Þingeyri
Vettvangsrannsókn hófst: 15.5.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 30.8.2019
Tegund rannsóknar: björgunarrannsókn	Aðferð: uppgröftur



Rannsóknin var gerð á bæjarstæði meints kotbýlis, Kjaranstaðakots, sem mótvægisáðgerð vegna vegagerðar á svæðinu, nánar tiltekið vegna vegagerðar að gangamunna Dýrafjarðarganga.

Fyrsta húsið (a) sem grafið var hafði komið í ljós í könnunarskurði árið 2017. Húsið var hlaðið úr grjóti með torfi á milli og var hellulagt gólf. Síðar kom í ljós annað hellulagt gólf undir hinu. Ekki voru nein greinileg merki um bása í þessu húsi. Húsið virðist hafa tvo fasa. Húsið var að utanmáli 12 m á lengd og 5,3 m á breidd. Greinilegt var að þunnt hellugrjót hafði verið í þaki á þessari byggingu. Þetta hús var samtengt öðru húsi sem var grafið í ágúst, en það var gert að kröfu Minjastofnunar eftir heimsókn þeirra á uppgraftasvæðið. Þá var ljóst að annað hús virtist samtengt húsi (a) Svæðið var því stækkað til vesturs um 6 m. Þá kom í ljós annað hús (b). Þetta hús var greinlegt miðaldarfjós. Hellulagður flór var í

miðju og merki um bása beggja vegna við. Tengibygging var á milli húsanna sem bendir til þess að þau hafi verið notuð samtímis á einhverjum tímapunkti. Önnur tengibygging eða e.t.v. eldri inngangur var í hús (b) en henni hafði verið lokið. Fjósíð (b) var byggt með öðrum hætti en hús (a) það var byggt úr strengjatorfi á einfaldri grjóthleðslu undir veggjum. Fjósíð var 12 m á lengd. Bæði húsin voru rofin í enda vegna framkvæmda við veg um miðja síðustu öld. Ekki er ljóst hvaða tilgangi hús (a) þjónaði. Það gæti hafa verið hlaða eða gripahús af einhverju tagi. Bæði húsin stóðu í aflíðandi brekku og var halli á gólfum. Steinn með gati í miðju var í tengibyggingu sem líklega hefur verið til að halda hurð. Tengibygging var eins og hin húsin með hellulögðu gólfi. Greina má hleðslur undir sverði beggja vegna húsanna og ljóst að fleiri mannvirki tengjast þessum húsum. Bæjarhóll er 50 m frá húsunum sem og fleiri rústir. Húsin eru líklega frá miðöldum eða einhvers staðar á tímabilinu frá landnámi til 14. aldar.

English summary


The first house (a) that was excavated was found in a test trench in 2017. The house was built of stone with a turf in between and had a paved floor. An older paved floor was found beneath the other. There were no clear signs of stalls in this house. The house seems to have two phases. The building was 12 m long and 5.3 m wide. It was obvious that thin stone shillings had been in the roof of this building. This house was connected to another house that was excavated in August, later in the summer. It was clear that another house appeared to be connected to house (a). The area was therefore expanded to the west by 6 m. Then another house (b) was discovered. This house was clearly a medieval byer. Stone floor was in the centre and signs of stalls on each side. There was a connecting building between the houses, indicating that they were used simultaneously at some point. Another connection building or, perhaps, an older entrance was in house (b) that had been closed. The byer (b) was built differently than house (a), it was built from a string turf on a simple stone row beneath. The house was 12 m in length. Both houses were damaged due to road construction in the middle of the last century. Both houses stood on a slope and had a sloped floor. The houses are probably from the Middle Ages or somewhere between the settlement period to the 14th century.



Mynd 20. Naust á Bjarnarnesi, Ströndum. Ljósmynd: Morten Ramstad.

4.8 Landnám og þróun byggðar í Kaldrananeshreppi

Leyfishafi: Lísabet Guðmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2018060076	Númer ÞJMS: 2019-65
Staðsetning: A 389887 N 582301	Póstnúmer: 520 Drangsnæs
Vettvangsrannsókn hófst: 18.8.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 24.8.2019
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið rannsóknarinnar í ár var gera grunnrannsókn á bænum Bjarnarnesi í Kaldrananeshreppi og kanna með borkjörnum hvort frekari minjar leyndust undir sverði sem ekki sáust á yfirborði. Einnig að grafa könnunarskurði í naust og jaðar bæjarhóls til þess að kanna aldur og umfang.

Við vettvangsathugun kom í ljós að öskuhaugur við sjávarsíðuna á Bjarnarnesi var farinn að láta á sjá vegna ágangs sjávar. Snið þess að hluta var teiknað og sýni tekin til aldursgreiningar. Auk þess var grafinn könnunarskurður í gegnum öskuhaug við jaðar bæjarhólsins til þess að kanna aldur hans, einnig í tvö naust og í eina búð. Engin gjóskulög eru á svæðinu og því er ekki ljóst hver aldur minjanna er en stefnt er að því að senda sýni til aldursgreiningar.

Á síðasta ári var gerð frumrannsókn á öskuhaug og öðrum minjum í Sandvík í landi Bæjar. Í vetur fóru minjarnar fremur illa vegna veðurs og ágangs kinda. Að þessu sinni var ekki hægt að gera neitt en ljóst er að þessar minjar eru að hverfa á haf út.

English summary

The aim of the research this year was to survey, core and do test trenches at the farm Bjarnarnes in Strandir, NW Iceland. The coring project was intended to find new

structures which could not be seen on the surface. From there, dig test trenches through various structures to find out how old they are and what they were used for. While doing survey of the farm a midden was discovered, a profile was drawn, and material collected for dating. Test trenches were dug in two boatsheds, booth and the periphery of the farm mound with the aim of determining the age of the site, what kind of subsistence economy the past farmers lived with and when the farm was established.


5. Norðurland vestra



Mynd 21. Stekkjarvík. Yfirlitsmynd af svæðinu. Sjá má einstakar prufuholur á yfirborði. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

5.1 Stekkjarvík í landi Sölvabakka í Blönduós

Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 2019070058	Númer ÞJMS: 2019-72
Staðsetning: A 441711 N 580171	Póstnúmer: 540 Blönduós
Vettvangsrannsókn hófst: 15.7.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 26.7.2019
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Markmið vettvangsrannsóknarinnar var að kanna meintar tóftir og óþekktar hleðslur, sem höfðu verið skráðar af Bygðasafni Skagfirðinga í landi Sölvabakka í Stekkjarvík, vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Alls voru 17 prufuholur gerðar og ein gata (Sleipagata) mæld inn með Trimble. Einungis fannst eitt mannvirki í prufuholunum, það var varða (nr. 42 í fornleifaskrá) sem lá við fyrrnefnda götu.

English summary

The Archaeological office on behalf of Efla was assigned to investigate features in Stekkjarvík for an upcoming project. In total seventeen trial pits were excavated ranging from approximately 0,33 m³ to 4,50 m³. Only one of the seventeen trial pits contained an archaeological feature: Cairn lying close to a known route (Sleipagata). Additionally, a previously recorded route (mentioned before) was surveyed.



Mynd 22. Eyðibýli og afdalir Skagafjarðar. Horft til suðurs yfir Húsatóftir í Tungudal. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

5.2 Eyðibýli og afdalir Skagafjarðar – Byggðasögurannsókn XII

Leyfishafi: Guðný Zoëga	Fyrirtæki/stofnun: Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknarnúmer: 2017050109	Númer ÞJMS: 2019-51
Staðsetning: A 499754 N 612806	Póstnúmer: 570 Fljót
Vettvangsrannsókn hófst: 6.6.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 7.7.2019
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: borun



Markmið rannsóknarinnar var að kanna aldur nokkurra fornbyla og bæjarstæða í Fljótum í norðanverðum Skagafirði. Verkefnið var unnið í tengslum við ritun 9. bindis *Byggðasögu Skagafjarðar*. Upphafleg áætlun náði til átta staða en á endanum voru þrjú staðir skoðaðir. Um var að ræða svokallaðar Húsatóftir á Tungudal í landi eyðibýlisins Tungu í Stíflu, mögulegt fornbyli í landi Stóru-Brekku og aldursgreiningu á bæjarstæði eyðibýlisins Hóla.

Á Húsatóftum er að finna túngarð sem liggur í brekku í boga á um 160 m löngum kafla frá norðri til suðurs. Innan garðs eru tóftir á fjórum stöðum. Á tveimur stöðum eru leifar yngri beitarhúsa en undir öðru þeirra voru mannvistarleifar, kol, brennd bein og móaska. Þar hefur bæjarhús býlisins mögulega staðið en þarna gæti líka, á einhverjum tímapunkti, hafa verið sel. Mannvistin lá bæði undir og ofan á Heklugjósku frá 1104. Einnig fundust leifar öskuhaugs utan bæjartóftanna en ekki var hægt að aldursgreina hann frekar.

Í landi Stóru-Brekku, á svokölluðum Syðri-Laugarhóli eru leifar yngri tófta, heytóftar og stekkjja, en einnig leifar eldri, ógreinilegri tófta. Undir heytóftinni fundust ummerki mannvistar, móaska, kol og brennd bein, sem benda til

Íveruhúss en engin ummerki sjást lengur um það á yfirborði. Smá koladreif fannst yfir Heklugjóskunni frá 1104 en megin hluti mannvistar var eldri en gjóskan. Býlisins Hóla er fyrst getið í heimildum 1449 en það fór í eyði 1973 og stendur nú einungis sumarhús þar. Áður hafði bærinn staðið um 500m sunnar en 1949 voru hús þar rifin og bæjarstæðið fært. Í nágrenni gamla bæjarstæðisins er fornlegur túngarður og fjöldi gamalla útihúsatófta. Kjarnar voru teknir neðan við gamla bæjarhólinn. Kjarnarnir sýndu að Hólar hafa verið byggðir þegar fyrir 1104 og einnig milli 1104 og 1300.

English summary

In the summer of 2019, cores were taken at three sites in the district of Fljót in northern Skagafjörður, North Iceland. The research was a part of a larger survey and dating of earliest settlement and settlement development in Skagafjörður. The project was conducted in conjunction with the writing of the history of Skagafjörður.

The three sites were: Húsatóftir, a suspected abandoned medieval farm ruin in an inland valley belonging to the now abandoned farm Tunga. Syðri-Laugarhóll, a previously unknown medieval farmstead within the boundaries of the modern-day farm Stóra-Brekka. And finally, the farm Hólar, abandoned in 1973.

At Húsatóftir a settlement date prior to the Hekla tephra of 1104 was established.

At Syðri-Laugarhóll there is not much to suggest occupation on the surface, but coring revealed human occupation dating to before the 1104 tephra.

At Hólar, cores were placed close to what was perceived to be an old farm mound and they revealed human occupation from before 1104.

6. Norðurland eystra



Mynd 23. Miðbakki í Hörgársveit. Myndin sýnir útflattan túngarð sem kom fram öðrum megin í skurðinum. Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir.

6.1 Miðbakki í Hörgársveit

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 2019050015	Númer ÞJMS: 2019-36
Staðsetning: A 536338 N 593470	Póstnúmer: 604 Akureyri
Vettvangsrannsókn hófst: 9.5.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 9.5.2019
Tegund rannsóknar: framkvæmdaeftirlit	Aðferð: könnunarskurðir



Markmið rannsóknarinnar var að fylgjast með hvort mannvistarleifar kæmu fram í skurði sem grafinn var vegna lagningar hitaveitulagnar, eins og minjavörður hafði farið fram á.

Í suðurenda á 480 metra löngum könnunarskurði fyrir hitaveitulögn fannst þriggja metra breiður útflattur túngarður úr strengjatorfi. Garðlagið virðist vera mjög gamalt miðað við hversu útflattur hann er. Vestan við veginn er túngarðurinn langur og greinilegur en ekki er hann sjáanlegur á yfirborði austan við veginn og aðeins sjáanlegur í vestursniði skurðsins. Líklegt er að túngarðurinn hafi orðið fyrir skemmdum vegna vegagerðar og uppblásturs og því einungis bláendi garðsins sjáanlegur.

English summary

The aim of the watching brief was to observe if any cultural layers would be found in a trench that was to be dug to facilitate the laying of a new hot water pipe.


Only a single turf field boundary was located in the southern end of the 480-meter-long trench. The turf field boundary was approximately 3 meters wide and made of turf. It seems to be very old looking considering how flat it is. To the west of the road the field boundary is long and clearly visible but to the east of the road it was not visible on the surface and only visible in the east facing section of the trench. It is possible that only the end of the field boundary was visible within the trench or it has been disturbed by roadworks or natural causes and is therefore only partially visible.



Mynd 24. Drónamynd af rúst 1:1 á Akureyri. Grilla má í veggina (ljóst yfirborðið). Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

6.2 Forrannsókn á meintri rúst norðan Kjarnaskógar á Akureyri

Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 2019010110	Númer ÞJMS: 2019-1
Staðsetning: A 541945 N 572889	Póstnúmer: 600 Akureyri
Vettvangsrannsókn hófst: 6.5.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 10.5.2019
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: hreinsun sniðs



Markmið rannsóknanna var að staðfesta hvort rúst væri á staðnum eða ekki, aldursgreina hana og kanna hvort fleiri rústir kynnu að leynast í túninu í nágrenninu. Var þetta gert vegna fyrirhugaðrar lagningar rafstrengs á svæðinu. Umrædd rúst var staðfest og fleiri rústir fundust ekki. Í veggjum fundust gjóskulög sem voru frá fyrri hluta 9. aldar. Rúst 2 sem kom í ljós við nákvæmari vettvangskonun reyndist vera þúst sem samanstóð af viðarlagi, líklega ungt mannvirki frá 20. öld.

English summary

The aim of the trial excavation was to confirm whether a ruin was there or not, then date it and look for other possible ruins in the field in the neighbourhood in relation to the laying of an electric cable in the area.

It was confirmed that it was a ruin with tephra layers in the wall from early 9th century. No other ruin was found. A construction (nr. 2) was also found that consisted of wood-layer, probably a young construction from the 20th century.



Mynd 25. Ytri-Hóll í Fnjóskadal. Horft til suðvesturs yfir könnunarskurðinn og framkvæmdasvæðið. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

6.3 Uppgröftur kolagrafar í landi Ytra-Hóls í Fnjóskadal

Leyfishafi: Guðný Zoëga	Fyrirtæki/stofnun: Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknarnúmer: 2019060048	Númer ÞJMS: 2019-57
Staðsetning: A 550560 N 595759	Póstnúmer: 607 Akureyri
Vettvangsrannsókn hófst: 1.7.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 1.7.2019
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Að beiðni Arctic Hydro tók Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga að sér uppgröft á kolagröf í landi jarðarinnar Ytra-Hóls í Fnjóskadal. Kolagröfin var á framkvæmdasvæði vegna pípulagnar í tengslum við gerð Hólsvirkjunar í Fnjóskadal. Fornleifaskráning hafði farið fram vegna deiliskipulags væntanlegrar Hólsvirkjunar og voru þar skráðar nokkrar kolagrafir í og við framkvæmdasvæðið. Minjavörður Norðurlands eystra gerði kröfu um að ein grafanna yrði könnuð frekar með uppgreftri og úr henni tekið kolasýni. Fyrir

valinu varð kolagröf nr. 109:073 sem finna má í skráningarskýrslu Kristborgar Þórsdóttur frá 2016.

Grafinn var skurður frá norðri til suðurs þvert yfir kolagröfina. Hann var 1 m langur og 50 cm breiður og mest um 90 cm á dýpt. Snið voru hreinsuð fram og voru suður-skammsnið og vestur-langsníð teiknuð upp.

Fornleifarannsóknin sýndi fram á að kolagröfin hefur verið í notkun einhvern tímamill milli 1104-1477, líklega á fyrri hluta tímabilsins. Vera kann að hún hafi verið notuð oft en einu sinni. Gjóska frá 1477 lá yfir bæði rótudum jarðlögum í kolagröfinni sjálfri og uppmokstri úr henni. Rannsóknir fornra járnvinnsluleifa í Fnjóskadal hafa sýnt að þar var umfangsmikil járnvinnsla og kolagerð, allt frá landnámi og fram á miðaldir. Það má því reikna með að kolagrafirnar á svæðinu geti verið frá ýmsum tímum. Ummerki voru um koladreif ofan 1477 gjóskunnar sem staðfestir að enn hafi verið gert til kola á svæðinu eftir þann tíma.

Engar frekari fornleifarannsóknir eru áætlaðar á svæðinu.

English summary

In the summer of 2019, a test trench was dug through a charcoal pit in the vicinity of the farm Ytri-Hóll in Fnjóskadalur North Iceland. The excavation was a requirement for the laying of a water pipe as a part of the construction of a hydro-electric power plant. The research was at the request of Arctic Hydro. A number of charcoal pits had been registered in the area during an Environmental assessment survey and the Cultural Heritage Agency of Iceland requested that one of these pits was examined more extensively.


A test trench, measuring 1 m by 50 cm and 90 cm deep was dug through one of the charcoal pits. With the aid of tephra layers, the pit was dated to the period between AD1104 to AD1477, most likely from the lower half of that period. There was some evidence of charcoal making post 1477 but the pit itself was firmly covered by the 1477 tephra.



Mynd 26. Sörlastaðir í Fnjóskadal. Yngri og eldri túngarður á Sörlastaðum. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

6.4 Sörlastaðir í Fnjóskadal

Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 2019100009	Númer ÞJMS: 2019-94
Staðsetning: A 561181 N 562637	Póstnúmer: 607 Akureyri
Vettvangsrannsókn hófst: 16.10.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 17.10.2019
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: hreinsun sniðs



Fyrirhugað er að leggja Hólasandslínu 3 um Sörlastaði og vegna vegagerðar á svæðinu fór Minjastofnun Íslands fram á að snið yrðu tekin í tvo garða á svæðinu (nr. 6 og 8).

Í ljós kom að garður nr. 8 reyndist vera náttúrumyndun. Aftur á móti kom í ljós að undir garði nr. 6 reynist vera enn eldri garður. Tekin voru tvö sýni, annars vegar gjóskusýni sem lá á milli garðanna (hugsanlega 1477) og hins vegar í streng í eldri garðinum.

English summary

The intention is to put a powerline (Hólasandslína 3) over the area and due to road construction in the area the Cultural Heritage Agency demanded a trial trench to be dug through two embankments (nr. 6 and 8).


The investigation showed that embankment nr. 8 was a natural phenomenon, but under embankment nr. 6 was an even older embankment. Two samples were taken: one between the embankments (possibly 1477) and one in the turfs in the older embankment.



Mynd 27. Að lokinni rannsókn í Flatey á Skjálfanda 2019. Ljósmynd: Adolf Friðriksson.

6.5 Flatey á Skjálfanda

Leyfishafi: Adolf Friðriksson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2018070012	Númer ÞJMS: 2019-80
Staðsetning: A 552122 N 630819	Póstnúmer: 641 Húsavík
Vettvangsrannsókn hófst: 30.7.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 1.8.2019
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Tilgangur rannsóknanna er að afla nýrrar vitneskju um byggðasögu Flateyjar. Heimildir eru um byggð í eygni frá a.m.k. 12. öld. Á síðustu öldum hefur byggð og hafnaraðstaða verið sunnan megin á eyinni. Arnargerði, sem er eyðibýli á miðri eyjunni mun vera eldra en frá 1477, samkvæmt athugunum Þjóðminjasafns 1990. Á norðurströnd eyjarinnar eru nokkrir staðir sem hafa ekki verið kannaðir. Öll norðanverð eyjan er afar þýfð og má vera að um náttúrumyndanir sé að ræða í einhverjum tilfellum. Eyjan er á þekktu jarðskjálftabelti og er talið að hún hafi risið talsvert úr sjó á síðustu öldum. Má vera að slíkar breytingar hafi haft áhrif á líf og starf á eyinni, t.a.m. gæti hafnaraðstaða hafa verið í eða við Hvaltjörn, en spillst, og það haft afgerandi áhrif á þróun byggðarinnar síðar.

Markmið könnunarinnar 2019 var að athuga eðli og aldur valinna staða við Hvaltjörn og Randatjarnir á norðanverðri Flatey og áhersla lögð á athugun og greiningu gjóskulaga. Grafnir voru könnunarskurðir á þremur svæðum og gaf rannsóknin eftirfarandi niðurstöðu:

1. Hringlaga þúst, 75 m sunnan við Hvaltjörn. Í könnunarskurði komu í ljós leifar torfhleðslu og yfir henni lá gjóskulagið V-1477.
 2. Rétt austan við Hvaltjörn þar sem hún er mjóust, eru tvær aflangar tóftir. Grafnir voru könnunarskurðir í þær báðar og í ljós komu leifar torfhleðslu, önnur með V-1477 yfir vegg.
 3. Hringlaga þúst við Rindatjarnir. Í könnunarskurði komu í ljós leifar torfhleðslu, með V-1477 yfir þeim.
- Ljóst er að hinar ýmsu þústir á norðanverðri eyggi eru flestar eða allar leifar mannvirkja og a.m.k. hluti þeirra frá miðöldum.

English Summary

The aim of the project was to collect fresh evidence for the occupation history of Flatey in Skjálfandi, N-Iceland. According to written sources, the island has been occupied at least from the 12th century onwards. In the middle of the island there are the remains of an abandoned farm settlement, Arnargerði, but in recent times, the farms and harbour have been located on the southern shore of the island. On the northern shore, by the Hvaltjörn and Rindatjarnir ponds, there are a number of archaeological sites which have not been investigated.

The aim of the test excavations in 2019 was to evaluate the nature and date of a few chosen sites in the northern area. Test trenches were excavated in three areas, with the following results:

1. A circular feature, 75 m south of Hvaltjörn. The excavation revealed the remains of a turf structure, below the tephra layer dated to V-1477.
2. A short distance east of Hvaltjörn, there are two elongated sites. Test trenches revealed turf, and V-1477 tephra above.
3. A circular feature by Rindatjarnir. The excavation revealed the remains of a turf structure, below the tephra layer dated to V-1477.

The main conclusions are that on the northern side of the island the various features, visible on the surface, are indeed archaeological remains of structures, dating back to the Middle Ages.



Mynd 28. Hofstaðir, Mývatnssveit. Skurður 4 úr norðri, horft suður eftir túninu, Lísabet Guðmundsdóttir og Magnea Dís Birgisdóttir bora í bakgrunni. Ljósmynd: Orri Vésteinnsson.

6.6 Í Brekkum (áður Hofstaðagarðshorn)

Leyfishafi: Orri Vésteinnsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2016090109	Númer ÞJMS: 2019-76
Staðsetning: A 584692 N 569539	Póstnúmer: 660 Mývatn
Vettvangsrannsókn hófst: 7.8.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 11.8.2019
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið rannsókna var að kanna hvort fornleifar leynast undir sverði í sléttuðum túnum Hofstaða í Mývatnssveit. Verkefnið var framhald sambærilegra athugana sem voru gerðar 2017 og 2018 og voru tekin borkjarnasýni á 10 m fresti þar sem frá var horfið nyrst í heimatúninu 2018 og borað suður fyrir bæjarhólinn. Samtals 171 borkjarni í 24 línur frá austri til vesturs. Auk þess voru grafnir 5 skurðir, 4 innan þessa svæðis en einn nyrst á svokölluðu Gerði sem líklega tilheyrir bæjarstæðinu í Brekkum. Í þremur af þessum skurðum fundust ummerki um byggingar frá miðöldum. Auk þeirra benda borkjarnarnir til mannvistarlagar á a.m.k. fjórum öðrum stöðum innan þessa svæðis sem vert væri að kanna nánar.

English Summary

The aim of the fieldwork was to survey the levelled fields of Hofstaðir in Mývatnssveit for signs of archaeological remains. The fieldwork continues on from work done in 2017 and 2018, extending the coring survey southwards across the northern and central part of the Hofstaðir homefield. 171 cores were recorded in 24 lines from east to west. In addition, 5 test trenches were dug, four inside this area and the fifth much further north close to, and probably in, an area that was a part of, the newly discovered farm site í Brekkum. In three of the trenches medieval building remains were found. In addition, the cores indicate that there are medieval anthropogenic deposits in at least four other areas within the study area.


7. Austurland



Mynd 29. Könnunarskurðurinn sem tekinn var í bæjarhólinn í Skálanesi, Seyðisfirði, sumarið 2019. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir.

7.1 Skálanes í Seyðisfirði

Leyfishafi: Rannveig Þórhallsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2019050022	Númer ÞJMS: 2019-44
Staðsetning: A 747053 N 542757	Póstnúmer: 711 Seyðisfjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 13.6.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 18.8.2019
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Í fyrsta lagi var markmiðið á þessu fyrsta stigi doktorsannsóknarinnar *Árþúsund við Atlantshaf* að grafa könnunarskurð í bæjarhól í Skálanesi í Seyðisfirði, Austurlandi og taka úr prófil 14 lífræn sýni til greiningar á 1000 ára búsetu.

Í öðru lagi var markmiðið að skilja gjóskulagasyrpu Seyðisfjarðar/Skálaness. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að í könnunarskurðinum fundust 11 gripir, 14 jarðlög og a.m.k. þrjú gjóskulög (1875, 1477 og landnámslag - bíða frekari efnagreiningar). Gripir fundust undir því sem virðist vera 1477 og yfir gjóskulagi sem virðist vera landnámslagið. Í könnunarskurðinum mátti greina mannvist í þremur byggingarstigum og út frá gripunum að dæma má telja líklegt að búsetan hafi tengst útræði og útgerð.

English summary

The purpose of this first stage of this PhD research, *Millennium by the Atlantic Ocean*, was to excavate a test pit in a farm mound at Skálanes in Seyðisfjörður, East-Iceland, and extract from the profile 14 biological samples to analyse a 1000 year of settlement.

Secondly, the purpose of the excavation was to understand the tephra-chronology of Seyðisfjörður/Skálanes.

The results of the research was that 11 artefacts were found in the test pit, 14 soil-layers and at least three tephra-layers (1875, 1477 and the settlement layers - will be chemically analyzed later). Artefacts were found under what seems to be the 1477 tepra and over what seems to be the settlement layers. In the test pit three stages of buildings can be observed and judging from the artefacts the site seems to have been related to fisheries.



Mynd 30. Seyðisfjörður. Snið í prufuholu 3 í garð nr. 17. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

7.2 Fjórir túngarðar í sunnanverðum Seyðisfirði

Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 2019100067	Númer ÞJMS: 2019-96
Staðsetning: A 740727 N 542531	Póstnúmer: 711 Seyðisfjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 19.10.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 20.10.2019
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: hreinsun sniðs



Fyrirhugað er að leggja ljósleiðara og rafmagnsstreng í gegnum garða í Seyðisfirði og að kröfu Minjastofnunar Íslands var grafið í fjóra þeirra til að kanna gerð þeirra og aldur. Í ljós kom að einn reyndist vera ungur skurður.

Úr tveimur garðanna náðust gjóskusýni, en í einum voru engar gjóskur.

English summary

The intension is to put a fiber cable and a electric cable through several embarkments in Seyðisfjörður. The Cultural Heritage Agency decided trial trenches needed to be dug through four of them in order to investigate their age and structure. The investigation showed that one of the embarkment was a recent ditch. In two of the embarkments tephra samples were taken, but in the third no tephra was to be seen.



Mynd 31. Urðarbotnar í Norðfirði. Rannsóknin að hefjast á rúst 63:1. Bygging skýlis á veg komin. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

7.3 Urðarbotnar í Norðfirði

Leyfishafi: Ármann Dan Árnason	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 2019110017	Númer ÞJMS: 2019-101
Staðsetning: A 748735 N 527238	Póstnúmer: 740 Neskaupsstaður
Vettvangsrannsókn hófst: 23.11.2019	Vettvangsrannsókn lauk: 17.12.2019
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: hreinsun sniðs



Fyrirhugað er að byggja ofanflóðavarnargarð á Neskaupsstað í Fjarðarbyggð og samkvæmt skipulagi var ljóst að varnargarðurinn myndi fara yfir grjótgarð, tóft sem og bát/brú í landi Urðarbotna. Því var haldið af stað í rannsókn að kröfu Minjastofnunar Íslands sem mótvægisáðgerð vegna byggingar varnargarðsins. Markmiðið var að kanna gerð tóftarinnar, aldur hennar og grjótgarðsins en einnig hvort um bát eða brú væri að ræða.

Garðurinn er gerður með tveimur röðum af stóru grjóti með malarfyllingu og er um 1 m á breidd. Hlutverk hans hefur sennilega verið flóðvarnargarður þar sem hann er við lækjarfarveg en hugsanlega hefur hann einnig verið nýttur sem veggur tóftarinnar sem byggð er við hann. Engin gjóska fannst en í malarfyllingunni fannst pokaplast og neðst í fyllingunni var glært flöskugler. Garðurinn er því frá 20. öld. Tóftin sem er sambyggð garðinum er hugsanlega sléttað vinnusvæði þar sem hún er með lágum veggjum til þriggja átta N/A/V og undir grasverði var mól og moldarblönduð mól. Svo virðist sem A-veggur sé ekki hlaðinn heldur hafi verið stungið niður í jarðveg og síðan jarðvegur flattur til að búa til staði. Engin mannvistarlög né gjóska fundust. Þessar tvær minjar eru sennilega samtíða og þá frá 20. öld. Að endingu var athugað hvort um bát eða brú væri að ræða sem þarna er og kom í ljós að um bát er að ræða. Aðeins er um 20% eftir af honum, hann mjög fúinn og er gúmmí hjólbaði á stefni hans og er hann því líklega frá 20. öld.

Enn fremur fannst þarna óskráð tóft í um 3m fjarlægð og V-við bátinn. Komið var nokkrum vikum seinna og sú tóft rannsökuð. Niðurstaða þeirrar rannsóknar var að líklega hafi rústin verið skepnuhús eða sérhæft vinnuhús sem reist var skömmu eftir 1900.

English summary

The intention is to build an avalanche barrier in Neskaupsstaður in Fjarðarbyggð and according to design, the barrier will go over a wall, ruin and a boat/bridge in the land of Urðarbotnar farm. For that reason, it was decided by the Cultural Heritage Agency, that a small trench should be dug through the wall, as well as a small trench in the ruin. The objective is to investigate what kind of a wall and ruin it is and their age but also to determine if the remains at the siter are from a boat or a bridge.

